

Skólaráð Naustaskóla

1. fundur ársins 2013 þann 9. janúar 2013

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir og Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Yrsa Hörn Helgadóttir, Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Uppgjör námsgagnakostnaðar.** Skólastjóri lagði fram reikninga og yfirlit vegna námsgagnakaupa fyrir nemendur haustið 2012 og óskaði eftir að fulltrúar foreldra kíktu yfir gögnin (það var svo gert eftir fundinn). Námsgagnagjald foreldra dugði ekki alveg fyrir útlögðum kostnaði þetta haustið og var skýringin sú að ekki hefur enn náðst að innheimta gjaldið fyrir 6 nemendur. Ekki munaði þó stórum fjárhæðum og náði afgangur frá fyrra ári að mestu að brúa það bil.
2. **Starfsmannamál.** Anna María hefur sagt starfi sínu lausu og var staðan auglýst í desember. Tvær umsóknir bárust og hyggst skólastjóri ráða Atla Svein Þórarinsson. Engar athugasemdir gerðar við þá niðurstöðu. Einnig kynnt að í desember þurfti Gyða Björk að fara í fæðingarorlof fyrir en áætlað var, hennar staða var auglýst og Guðrún Inga Hannesdóttir ráðin í hennar stað. Í báðum tilfellum er um að ræða tímabundnar ráðningar. Fyrirséð fæðingarorlof kynnt til sögunnar sem og þær áætlanir sem fyrir hendi eru um að leysa þau mál.
3. **Niðurstöður læsisprófa.** Kynntar niðurstöður læsisprófa í 1. og 2. bekk en þær voru jákvæðar miðað við heildar meðaltöl þeirra skóla sem skiluðu niðurstöðum til HA.
4. **Staða list- og verkgreinakennslu.** Umræður um stöðu mála og einkenndust þær af ánægju með þá aðstöðubreytingu sem varð í haust með tilkomu verkgreinastofanna. Þó bent á að náttúrufræðistofu mætti sannarlega nýta mun betur en hingað til.
5. **Starfsmannastefna.** Rætt um þætti sem snúa að starfsmannastefnu. Skólinn hefur ekki sett sér eiginlega starfsmannastefnu en starfar undir mannauðsstefnu Akureyrarbæjar. Kynnt vinna sem snýr að mótun svokallaðrar fjarvistarstefnu fyrir starfsmenn.
6. Önnur mál.
 - a. **Framlög Foreldrafélagsins.** Velt upp hvernig Foreldrafélagið gæti sem best stutt við með innkaupum eða fjármunum. Rætt um að beina því í spil, „öpp“ fyrir spjaldtölvur eða leiksýningar.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð